

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 227/2016****2018/EES/56/12****frá 2. desember 2016****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1718 frá 20. september 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum með tilliti til ákvæðanna um prófanir með færanlegum mælikerfum fyrir losun (PEMS) og aðferðarinnar við prófun á endingu mengunarvarnarbúnaðar ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 582/2011) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 1718**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1718 frá 20. september 2016 (Stjúd. ESB L 259, 20.9.2016, bls. 1).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/1718, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 259, 27.9.2016, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.